

Reykjavík, 26. janúar 2018
R18010361

Borgarráð

Starfshópur um endurskoðun gjaldskrár upplýsingatæknideildar

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun gjaldskrár upplýsingatæknideildar eru lögð fram til kynningar. Hlutverk hópsins er að leggja mat á reynslu Reykjavíkurborgar af gjaldskrá upplýsingatæknideildar, skoða kosti og galla sem af henni leiða og leggja til fyrirkomulag við ákvörðun upplýsingatæknikostnaðar, breytt eða óbreytt.

Stefán Eiríksson
borgarritari

Hjálagt:
Drög að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun gjaldskrár upplýsingatæknideildar.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um endurskoðun gjaldskrár upplýsingatæknideildar

Ábyrgðarmaður:

Borgarritari.

Inngangur:

Núgildandi gjaldskrá upplýsingatæknideildar (UTD) á rætur sínar að rekja til ársins 2007 er hún var innleidd í ársbyrjun. Árið 2008 var hún fryst og var óbreytt uns hún var endurskoðuð og endurbætt árið 2012 í kjölfar skýrslu innri endurskoðunar frá nóvember 2011. Þeirri endurskoðun var ætlað breyta gjaldskránni þannig að upplýsingatæknikostnaður dreifðist á gagnsæjan og réttan hátt á notendur. Nú er kominn ríflega 10 ára reynsla á notkun gjaldskrár og því ástæða til að fara yfir kosti og galla fyrirkomulagsins. Reglulega koma upp ýmis sjónarmið og rök sem ýmist hníga að því að efla gjaldskránni eða leggja hana af.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að leggja mat á reynslu Reykjavíkurborgar af gjaldskrá UTD, skoða kosti og galla sem af henni leiða og leggja til fyrirkomulag við ákvörðun upplýsingatæknikostnaðar, breytt eða óbreytt.

Helstu verkefni:

- Draga saman yfirlit yfir sögu og þróun gjaldskrárinnar hjá Reykjavíkurborg.
- Leggja mat á kosti og galla notkunar gjaldskrár.
- Skoða hvaða fyrirkomulag er notað hjá t.d. stórum fyrirtækjum eða sveitarfélögum hérlandis eða erlendis við ákvörðun upplýsingatæknikostnaðar.
- Leggja fram tillögur að fyrirkomulagi til framtíðar við ákvörðun upplýsingatæknikostnaðar og eftir atvikum hugsanlegar breytingar á gjaldskrá.

Starfshópin skipa:

Fulltrúi skrifstofu þjónustu og reksturs, formaður.

Fulltrúi upplýsingatæknideildar.

Fulltrúi fjármálaskrifstofu.

Fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Fulltrúi velferðarsviðs.

Starfsmenn:

Starfsmaður kemur frá skrifstofu þjónustu og reksturs.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti eftir atvikum ráðgjafar innan og utan borgarkerfis.

Starfstímabil:

Hópurinn skili niðurstöðum eigi síðar en 1. maí 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Stefán Eiríksson
borgarritari